

# Upplýsingar um námsval fyrir 10. bekk 2017- 2018

Mikilvægt að lesa vel



## **Kjarni:**

Nemendur í 8.-10. bekk um allt land fá kennslu í 24,5 klukkustund á viku. Kjarni er þær námsgreinar sem allir verða að taka.

## **Námsval:**

Nemendur geta haft áhrif á viðfangsefni sín sem nemur 6,5 klukkustundum á viku með svo kölluðu námsvali. Nemendur velja eina verkgrein sem er 1 klukkustund á viku og eina listgrein sem er 1 klukkustund á viku. Svo er frjálst val sem er 4,5 klukkustundir á viku.

## **Eftirfarandi verkgreinar eru í boði:**

**Textíl:** Nemendur rifja upp tækni og þekkingu sína hvað textíl varðar. Nemendur velja sjálfir hvaða viðfangsefni þeir ætla að fást við í samráði við kennara og þess tímaramma sem að þeir hafa.

**Heimilisfræði:** Áhersla á matvælagæð, næringafræði, hreinlæti, bakstur og eldamennsku.

**Smíði:** Nemendur velja sér verkefni eftir sínu áhugasviði í samráði við kennara og velja sér efnivið í samræmi við verkefnið. Nemendur vinna eftir vinnuteikningu og áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð og fallegan frágang.

## **Eftirfarandi listgreinar eru í boði:**

**Dans:** Nemendur læra fjölbreytta dansa og búa einnig til dansa sjálfir. Áhersla lögð á samhæfingu tónlistar og hreyfingar.

**Zumba:** Góð blanda af dansi og líkamsrækt. Hressir og skemmtilegir tímar fyrir alla.

**Leikræn tjáning:** Byggist á munnlegri og líkamlegri tjáningu sem stuðlar að auknum orðaforða og hugtakaskilningi og eflir sjálfsvitund og félagsþroska nemenda. Notast verður við hlutverkaleik og persónusköpun.

**Myndlist:** Áhersla lögð á sjálfstæði nemenda og fjölbreytt vinnubrögð. Nemendur vinna með margskonar efnivið og áhersla lögð á frumlega nálgun í myndsköpun.

**Myndasögugerð:** Nemendur læra að setja upp og búa til myndasögur á fjölbreyttan hátt.

**Málun og teiknun:** Hugmyndavinna, skissugerð og úrvinnsla með áherslu á form og myndbyggingu.

**Tónlist (Frá Bach til Beyoncé):** Nemendur kynnast tónlistarsögunni og helstu tónlistarstílum í vestrænum heimi. Tónlistarstefnur og helstu tímabil kynnt til sögunnar í tali og tónum. Uptökur og myndbönd verða krufin til mergjar og skeggrædd. Klassík, Rokk, Popp, Blús, Funk, Metal, R&B og Jazz.

**Gítar:** Nemendur læra undirstöðuatriðin í gítarleik. Ekki er nauðsynlegt að hafa grunn í gítarleik til þess að taka þátt. Áfanginn er hugsaður fyrir byrjendur sem vilja taka sín fyrstu skref í að læra á gítar. Vinnukonugripin kynnt til sögunnar, einföld lög o.s.frv.

### **Frjálst val** (1,5 klukkustund á viku)

**Þátttaka metin:** Þeir nemendur sem stunda reglulega fundi, æfingar eða annað starf með félagasamtökum í sveitarfélaginu, tónlistarnám eða æfingar/ástundun íþróttar (fótbolti, skíði, badminton, frjálssar, hestamennska, o.s.frv.) geta fengið það metið sem ígildi valgreinar. Ef nemendur velja að fá ástundun sína metna sem valgrein kemur það í stað 1 ½ klukkustunda á viku sem nemendur væru annars í öðru vali í skólanum. Ástundunin þarf að vera vottuð af þjálfara, tónlistarkennara eða forsvarsmanni félagsstarfs. Hætti nemandi í slíku starfi á skólaárinu fer hann inn í valgrein að vali stjórnenda skólans.

**Hollustufæði:** Nemendur læra um og tileinka sér þekkingu um hollt matarræði samkvæmt upplýsingum frá manneldisráði. Nemendur prufa að búa til og smakka hollan mat og/eða drykki.

**Andlitsteiknun:** Nemendur læra að skyggja með blýant og glíma við að teikna andlit að eigin vali.

**Útivist og hreyfing:** Nemendur læra grunnatriði útivistar s.s. mikilvægi þess að klæða sig rétt, neyta hollrar fæðu og undirbúa sig vel áður en lagt er af stað. Margt konar hreyfing og útivist verður kynnt nemendum og farið í stuttar ferðir.

**Bakstur:** Nemendur læra að baka kökur og brauð. Farið er í flóknari bakstur.

**Mósaik:** Nemendur öðlast færni í að beita þeim verkfærum sem notuð eru þegar unnið er með mósaik. Nemendur vinna í skissubækur og útfæra hugmyndir sínar.

**Fatasaumur og endurnýting:** Nemendur læra að breyta t.d. eigin fötum svo þau fái nýtt notagildi. Hægt verður að sauma upp úr gömlu t.d. fatnað, töskur eða annað. Nemendur geta líka komið með föt af öðrum og breytt þeim í föt á sig eða annað sem þeir hafa áhuga á. Hægt verður að vinna úr óhefðbundnum efnum svo sem umbúðum.

**Matargerð:** Nemendur læra að elda mat. Farið er í flóknari matargerð.

**Útskurður í tré:** Nemendur læra meðferð útskurðarjarna. Læra að skera út einfaldar myndir og stafi. Hægt að merkja hluti t. d. með upphleypum stöfum, skrauti eða einfaldri mynd.

### **Eftirtaldir þrjár valgreinar eru aðeins í boði fyrir 10. bekk.**

**Iðngreinakynning í FNV:** Valgreinin er kennd yfir tvær helgar og fer kennslan fram í Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Nemendur sem velja þessa grein þurfa því að vera tilbúnir til þess. Með námi í áfanganum gefst nemendum kostur á að kynnast mismunandi verknámsmöguleikum. Þeir fást við verkefni og kynnast vinnubrögðum sem munu nýtast þeim í daglegu lífi og kynnast jafnframt starfsgreinum og atvinnumöguleikum sem bjóðast að loknu starfsnámi í framhaldsskóla. Nemendur takast á við verkefni sem tengjast málmiðnnámi, rafiðnnámi og tréiðnnámi. Nemendum eru kynntar mismunandi námsleiðir fyrir iðnnema og möguleikar á framhaldsnámi að iðnnámi loknu.

**IFÉ Inngangur að félagsvísindum:** Um er að ræða framhaldsskólaáfangi sem kenndur verður í samstarfi við MTR. Allt efni áfangans er inn á vefviðmóttinu *Moodle* og vinna nemendur öll verkefni í tölvu. Verkefnaskil eru í hverri viku. Nemendur þurfa að vera tilbúnir til að vinna mikla vinnu heima. Þeir nemendur sem hafa náð góðum tókum á námsefni grunnskólans geta farið í þennan áfangi. Lesa má um áfangann á [mtr.is](http://mtr.is)

**INÁ Inngangur að náttúruvísindum:** Um er að ræða framhaldsskólaáfangi sem kenndur verður í samstarfi við MTR. Allt efni áfangans er inn á vefviðmóttinu *Moodle* og vinna nemendur öll verkefni í tölvu. Verkefnaskil eru í hverri viku. Nemendur þurfa að vera tilbúnir til að vinna mikla vinnu heima. Þeir nemendur sem hafa náð góðum tókum á námsefni grunnskólans geta farið í þennan áfangi. Lesa má um áfangann á [mtr.is](http://mtr.is)

## **Frjálst val** (1 klukkustund á viku)

**Hönnun og smíði:** Nemendur rissa upp eigin hugmyndir, málsetja og útfæra verkefnið. Nemendur fá aðstoð við val á efni og áhöldum.

**Tauprykk:** Þú lærir að búa til munstur, að færa út hugmyndir þínar, þrykkja og prenta á næstum hvaða flík sem er. Unnið er með skyssur, teikningar og ljósmyndir, glærur og ýmiskonar efni til að festa þrykkrama og prentferlið sjálft. Nemendur þurfa ekki að hafa neina teiknikunnáttu til að fara í þetta val, bara jákvætt viðhorf og hugmyndaflug.

**Akríkmálun og vatnslítamálun:** Nemendur læra meðferð vatnslita og akrílmálningar og öðlast þekkingu sem þeir geta nýtt við vatnslítamálun og akrílmálun.

**Skyndihjálp:** Kennd verður fyrsta hjálpi, endurlífgun og fleira. Nemendur fá skírteini í lok vetrar um að hafa lokið sem samsvarar 16 st skyndihjálparnámskeiði. Í framhaldsskóla er hægt að fá þetta metið til eininga gegn framvísun skírteinis.

**Fjármálalæsi:** Lögð er áhersla á helstu hugtök fjármálanna og verkefni unnin tend fjármálum. Stefnt er að því að efla verðvitund nemenda á helstu nauðsynjum og komast að því hvað einn meðal unglingur kostar á mánuði.

**Förðun og umhirða húðar:** Nemendur læra umhirðu húðar og fá að kynna ymsu í sambandi við förðun.

**Skólahreysti:** Nemendur æfa sig í þrautunum sem eru í Skólahreysti og undirbúa sig undir keppnina með fjölbreyttum æfingum.

**Jóga:** Nemendur læra grunnstöður jóga, öndun og slökun. Farið verður í grunn jógafræðanna.

**Boltaþróttir:** Áhersla lögð á boltagreinar og ýmis konar boltaleiki.

**Líkamsrækt:** Nemendur læri að skilja líkamsstarfsemina og hvernig líkaminn bregst við álagi og þjálfun. Mikil áhersla er á þjálfun líkamans t.d. með líkamsrækt. Hægt að gera þjálfunarprógram fyrir hvern og einn.

**Crossfit:** Nemendur læra grunnæfingar sem notast er við í Crossfit og byggja svo ofan á grunninn eins og kostur er.

**Skrautskrift:** Nemendur læra undirstöðuatriði í skrautskrift.

**Badminton:** Valgreinin er kennd í samstarfi við MTR. Hún er bókleg, verkleg og fjallar um undirstöðuatriði í badminton. Áhersla er á tækni, leikfræði og reglur. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grunnfærni í greininni og lögð er áhersla á mikilvægi þess að leikurinn sé kenndur á leikrænan og skemmtilegan hátt.

**Blak:** Valgreinin er kennd í samstarfi við MTR. Valgreinin er bókleg, verkleg og fjallar um undirstöðuatriði í blaki. Áhersla er á tækni, leikfræði og reglur. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grunnfærni í greininni og lögð er áhersla á mikilvægi þess að leikurinn sé kenndur á leikrænan og skemmtilegan hátt.

**Vélmennafraði:** Valgreinin er aðeins fyrir 10. bekkinga og kennd í samstarfi við MTR. Takmarkaður fjöldi kemst að. Námskeiðinu er ætlað að kenna nemendum grunnatriði í forritun og rafmagnsfræði miðað við styrkleika hvers nemanda og vélbúnaðinn sem notaður verður í áfanganum.

**Verkefnatími:** Nemendur geta unnið í hvaða námsgrein sem þeir vilja og fá aðstoð frá kennara. Upplagt er að nota þessa tíma til að vinna heimavinnu eða verkefni sem nemendur hafa ekki náð að klára í kennslustund.